



Rangárbings ytra

Fjárhagsáætlun 2019-2022

Samantekt - Forsendur

Lagt fyrir sveitarstjórn Rangárbings ytra 13. desember 2018

Forsendur áætlunar fyrir helstu tekjustofna

Útsvör:

Samkvæmt staðgreiðsluáætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að greidd staðgreiðsla hækki um 7,2% milli ára. Gert er ráð fyrir að tekjur af útsvari 2019 verði samtals 890 milljónir kr. Útsvarsprósenta er óbreytt milli ára 14,52%

Fasteignagjöld:

Áætlun fasteignagjalda er samkvæmt áætlunarálagningu úr álagningarkerfi Þjóðskrár og er þar tekið tillit til hækkana á fasteignamati. Álagningar prósentur eru óbreyttar frá fyrra ári í öllum skattflokkum. Áætluð álagning á virkjanir er skv. upplýsingum frá Ásahrepp. Auk þess er gert ráð fyrir u.þ.b 6 milljónum í hækkun umfram áætlunarálagningu vegna fasteigana sem eru í byggingu og ljóst er að teknar verða í notkun á næsta ári. Mest er hækkun í skattflokki A sem er almennt húsnæði um ca 19%. Íbúðarhúsnæði er að hækka um 16,6% milli ára að meðaltali, eignir í frístundabyggð um 12,9 og atvinnueignir um 8,7%.

Fasteignagjöld 2019

Fasteignaskattur	233.017.000
Lóðaleiga	14.078.000
Virkjanir	103.096.000
	350.191.000

Fasteignaskattur skiptist sem hér segir:

Tegund	Álagning 2019	Hækkun	Álagning 2018
1 Fasteignaskattur almennt	119.880.000	19,3%	100.452.000
2 Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	95.847.000	13,2%	84.644.000
3 Fasteignaskattur opinbert húsnæði	19.290.000	8,4%	17.792.000
	235.017.000	15,8%	202.888.000

Sorpgjöld:

Sorpgjald er áætlað kr. 44.176.000 árið 201. Gjaldskrá hækkar um 2,7% milli ára.

Vatnsgjöld:

Vatnsgjald sem rennur til Vatnsveitu er samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu. Heildar vatnsgjöld frá Rangárþingi ytra og Ásahreppi eru áætluð kr. 85.542.000. Gjaldskráin er tengd vísitölu og tekur hækkunum miðað við það. Hækkun á fasteignamati og fjölgun tenginga skila einnig hækkun. Hækkunin nemur um 13,4% frá fyrra ári.

Holræsagjöld:

Holræsagjöld eru 0,25% af fasteignamati og eru áætluð kr. 27.151.000 árið 2019. Það er um 16,9% hækkun milli ára.

Jöfnunarsjóður:

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 293.309.000 skv. áætlun sjóðsins. Áætluð framlög eru að lækka frá fyrra ári. Breytingar á útdeilingu útgjaldajöfnunarframlaga hafa áhrif til lækkunar hjá Rangárþingi ytra. Önnur framlög breytast lítið.

Aðrar tekjur:

Gjaldskrár taka almennt verðlagsbreytingum milli ára og taka áætlaðar tekjur mið af því.

Yfirlit yfir tekjur í aðalsjóði

Málafli	Skýring	Skatttekjur	Þjónustutekjur	Tekjur alls
00	Skattekjur	1.533.904.000		1.533.904.000
02	Félagsmál		3.090.000	3.090.000
04	Fræðslumál		82.359.000	82.359.000
05	Menningarmál		97.000	97.000
06	Íþrótt- og æskulýðsmál		103.015.000	103.015.000
07	Almannavarnir		497.000	497.000
08	Hreinlætismál		44.544.000	44.544.000
09	Skipulags- og byggingarmál		26.339.000	26.339.000
10	Samgöngumál		2.000.000	2.000.000
11	Umhverfismál		500.000	500.000
13	Atvinnumál		9.774.000	9.774.000
21	Sameiginlegir liðir		20.390.000	20.390.000
	Aðalsjóður samtals	1.533.904.000	292.605.000	1.826.509.000

Hér má sjá heildartekjur í aðalsjóði að undanskildum fjármagnstekjum, skipt niður á málaflokka.

Forsendur launaáætlunar

Heildarlaunakostnaður samstæðunnar er áætlaður kr. 894.003.000 Taflan hér á eftir sýnir skiptingu milli málaflokka. Launakostnaður er áætlaður út frá gildandi kjarasamningum og áætluðum starfsmannafjölda í hverri stofnun.

	2019
00 Skattekjur	0
02 Félagsmál	5.330.000
04 Fræðslumál	577.434.000
05 Menningarmál	1.038.000
06 Íþróttta- og æskulýðsmál	74.393.000
07 Almannaþarnir	0
08 Hreinlætismál	0
09 Skipulags- og byggingarmál	18.623.000
10 Samgöngumál	957.000
11 Umhverfismál	799.000
13 Atvinnumál	3.118.000
21 Sameiginlegir liðir	103.246.000
22 Lífeyrisskuldbinding	9700.000
Þjónustumiðstöð	89.765.000
Félagslegar íbúðir	796.000
Suðurlandsvegur 1-3 ehf	8.008.000
Vatnsveita	796.000
 Samtals	 894.003.000

Annar rekstrarkostnaður - forsendur

Annar rekstrarkostnaður samstæðunnar er áætlaður kr. 680.552.000. Almennt er gert ráð fyrir 2,8% hækkun vegna verðlagsbreytinga en annars er útgjaldapörf metin fyrir hvern málaflökk og getur því verið að eftir atvikum að hækka meira milli ára og í einhverjum tilfellum að lækka.

	2019
00 Skattekjur	0
02 Félagsmál	115.986.000
03 Heilbrigðismál	1.551.000
04 Fræðslumál	335.811.000
05 Menningarmál	21.030.000
06 Íþróttta- og æskulýðsmál	207.951.000
07 Almannaþarnir	27.743.000
08 Hreinlætismál	53.932.000
09 Skipulags- og byggingarmál	38.613.000
10 Samgöngumál	71.520.000
11 Umhverfismál	23.270.000
13 Atvinnumál	18.626.000

21 Sameiginlegir liðir	68.371.000
27 Óreglulegur liðir	
Aðalsjóður samtals	984.404.000
Eignasjóður	86.184.000
Þjónustumiðstöð	27.902.000
Millifærslur A-hluta	-453.748.000
A-hluti samtals	644.742.000
Félagslegar íbúðir	15.021.000
Fráveita	13.952.000
Leiguíbúðir	8.524.000
Suðurlandsvegur 1-3 ehf	17.156.000
Vatnsveita	31.161.000
Rangárljós	1.000.000
Millifærslur B-hluta	-51.004.000
A og B hluti samtals	680.552.000